

56
27. júní

Lög

um

bifreiðaskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í
skatt til ríkissjóðs 8 kr. af hverri hestarku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða fjórðung gjalds
þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og er-
lendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori
eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu
eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og
innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjald-
skylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að
ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr
ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjald-
skyld bifreið hefir ónýtt. Skatturinn telst að eins fyrir heila mánuði, þannig
að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi,
ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

56
27. júní

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Lög

um

afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjör um kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kap.

Um það, hver börn sjeu skilgetin.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjóna-

57
27. júní